

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 21. apríl 2026

Mál nr. S-6403/2025:

Lögreglustjórinn á höfuðborgarsvæðinu

(Kristín Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

gegn

Adli Albayyouk

(Leó Daðason lögmaður)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 24. mars sl., var höfðað með ákæru, útgefinni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 11. nóvember 2025, á hendur „Adli Albayyouk, kt. [...], [...], fyrir líkamsárás með því að hafa, föstudaginn 1. desember 2023, utandyra við Fiskislóð [...] í Reykjavík, veist með ofbeldi að A, kt. [...], og kýlt hann ítrekað í andlit og höfuð með lykli, með þeim afleiðingum að hann hlaut stungusár hjá vinstra auga, mörg opin sár á höfði og marga ótilgreinda yfirborðsáverka.

Telst framangreind háttsemi varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Einkaréttarkrafa:

Fyrir hönd A, kt. [...], gerir Magnús Björn Brynjólfsson lögmaður kröfu þess efnis að Adli Albayyouk, kt. [...], verði gert að greiða A kr. 2.500.000 í miskabætur, auk vaxta skv. 8. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. desember 2023 til greiðsludags en að mánuði liðnum frá birtingu bótakröfu er krafist dráttarvaxta af sömu fjárhæð skv. 6. gr., sbr. 5. gr. og 9. gr., vaxtalaga til greiðsludags. Þá er krafist réttargæsluþóknunar úr hendi ákærða, brotþola að skaðlausu, skv. framlögðum reikningi eða eftir mati dómsins.“

Ákærði krefst aðallega sýknu en til vara að honum verði ekki gerð refsing. Til þrautavara gerir ákærði þá kröfu að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið en til þrauta-

þrautavara að honum verði gerð vægasta refsing sem lög leyfa. Þá krefst hann þess aðallega að bótakröfu verði vísað frá dómi en til vara að hún verði lækkuð verulega. Loks krefst ákærði þess að sakarkostnaður verði greiddur úr ríkissjóði. Þá gerir verjandi ákærða þá kröfu að honum verði dæmd málsvarnarlaun.

I

Málsatvik

Samkvæmt frumskýrslu lögreglu voru lögreglumenn staddir við Fiskislóð í Reykjavík umrætt kvöld þegar brotþoli, sem var blóðugur í framan, gaf sig á til við þá. Benti hann lögreglunni á ákærða sem hann sagði hafa slegið sig. Brotþoli kvaðst hafa verið á staðnum ásamt fleira fólki og hefði vinkona hans fengið lánað *veip* frá ákærða. Hefði ákærði beðið um *veipið* aftur skömmu síðar og hefði brotþoli þá sagst ætla að sækja það fyrir hann. Ákærði hefði þá sakað hann um að vera að ýta sér sem brotþoli kvaðst ekki hafa verið að gera. Hefði þá ákærði skyndilega kýlt sig í andlitið með þeim afleiðingum að hann hefði hlotið áverka sem blætt hefði úr vinstra megin á enni. Þá hefði hann hlotið áverka á hálsi. Segir í frumskýrslu lögreglu að síðar hefði brotþoli sagt að ákærði hefði notað lykil við árásina.

Samkvæmt frumskýrslunni ræddi lögregla við ákærða á vettvangi. Hann kvaðst hafa lánað vinkonu sinni *veip*. Hún hefði síðar verið komin í bifreið brotþola. Hefði ákærði bankað á bílrúðuna og beðið um að fá *veipið* til baka. Hefði brotþoli þá komið út úr bifreiðinni og ýtt sér frá. Hefði hann við það fallið í jörðina og meitt sig á fingri. Hann hefði í kjölfarið kýlt brotþola. Ákærði kvaðst ekki hafa notað lykil til að slá brotþola með. Hann hefði verið í bíl með vini sínum og ekki haft neinn lykil með sér. Ákærði kvað fleiri hafa blandað sér í átökin. Hefði 5–10 manna hópur fylgt ákærða og brotþola hvorum um sig í umrætt sinn. Í frumskýrslunni kemur fram að sökum tungumálaörðugleika hefði verið óljóst hvaða orðaskipti hefðu átt sér stað og hve mörg högg hefðu fallið.

Ákærði gaf skýrslu hjá lögreglu 5. september 2024. Hann kvaðst í umrætt sinn hafa verið ásamt vini sínum á bifreiðaplaninu við [...] Fiskislóð. Hann hefði lánað stelpu *veip* og farið með það í bifreið brotþola. Hefðu hann og brotþoli verið góðir félagar. Kvaðst ákærði skömmu síðar hafa farið að bifreið brotþola og bankað á rúðuna hjá stelpunum. Hefði brotþoli þá komið að og sagt honum að snerta ekki bifreið sína. Kvaðst ákærði hafa sagt brotþola að hann væri að sækja *veipið* en hann hefði þá ýtt við sér.

Hefði brotþoli síðan sótt *veipið* og afhent sér en í framhaldi af því hefðu þeir farið að rífast. Kvaðst hann hafa fallið við þegar brotþoli hefði ýtt við honum. Hefði hann þá staðið upp og kýlt brotþola hnefahögg í andlitið. Hefði brotþoli síðan einnig slegið hann. Kvaðst ákærði ekki hafa verið með lykil í hendinni. Ákærða var þá sýnd mynd þar sem sjá mátti lykil í hönd hans og kvaðst hann þá hafa fundið þennan lykil á bílplaninu og ekki hafa notað hann til að skaða brotþola. Hann kannaðist við að myndin væri af sér.

Brotþoli gaf skýrslu hjá lögreglu vegna málsins 11. desember 2023. Hann kvaðst hafa farið í *bílahitting* í umrætt sinn við [...] á Granda til að hitta þar vini. Hefði hann hitt tvær stelpur úr [...], B og C, sem hann kannaðist við og hefðu þær fengið að setjast inn í bifreið hans þar sem þeim hefði verið kalt. Hefðu þær verið að *veipa* í bifreiðinni. Hann kvaðst hafa farið út úr bifreiðinni til að tala við vin sinn þegar maður að nafni D hefði kallað á hann. Kvaðst brotþoli þekkja umræddan D og ákærða úr [...]. Hefði D beðið sig að taka *veipið* frá stelpunni í bifreiðinni, ella myndu þeir lemja hana. Hefði hann tekið *veipið* frá stelpunni og afhent D það. Hefði D þá sagt að ákærði ætti *veipið* og hefði hann því rétt honum það. Hefði þá ákærði sagt *af hverju varstu að hrinda mér* sem hann hefði sagt að hann hefði ekki gert. Ákærði hefði þá hrint honum. Kvaðst brotþoli hafa spurt hann hvers vegna hann hefði hrint sér og síðan hefði D gengið á milli þeirra. Hefði ákærði þá slegið sig fyrirvaralaust í andlitið og síðan aftur í höfuðið. Hefði hann verið óviðbúinn þessari árás með hendur í vösum. Hefði ákærði verið með lykil í hendinni sem vopn til að valda frekari skaða. Hefði D haldið honum meðan ákærði hefði slegið hann en hann kvaðst ekki vita hvort D hafi ætlað að halda ákærða frá sér eða hvort hann hafi verið að aðstoða ákærða við árásina. Aðspurður kvað brotþoli ákærða hafa slegið sig þrisvar til fimm sinnum. Kvaðst brotþoli ekki hafa beitt neinu ofbeldi. Ákærði kvað síðan vini sína, E, F, G, H og I, hafa komið að og reynt að stöðva árásina. Þá hefðu fleiri bæst í hópinn og reynt að ráðast á hann. Hann hefði síðan náð athygli lögreglumanna sem hefðu keyrt fram hjá vettvangi og beðið um aðstoð þeirra. Brotþoli kvaðst ekki hafa þekkt ákærða þótt hann hefði séð hann áður. Hann kvaðst hins vegar þekkja D. Aðspurður um klæðnað ákærða í umrætt sinn kvað brotþoli hann hafa verið í svörtum Nike-buxum og hettupeysu og í svörtum og rauðum skóm. Aðspurður kvaðst hann hafa verið edrú umrætt kvöld. Kvaðst hann telja að ákærði hefði mögulega verið undir áhrifum fíkniefna. Aðspurður um eftirmál kvaðst hann ekki hafa getað opnað augað

í nokkra daga vegna áverka. Hefði hann misst tvær til þrjár vaktir úr vinnu og tvo daga úr skóla. Kvaðst hann vera hræddur við ákærða.

Vitnið F gaf skýrslu hjá lögreglu 6. mars 2025. Hann kvað tvo stráka hafa veist að brotaþola með lyklum eða hníf, líklega lyklum. Hefðu slagsmál síðan brotist út. Hefði brotaþoli reynt að verja sig. Hefði ákærði veitt brotaþola högg, m.a. í andlitið, ásamt hinum stráknum.

Vitnið I gaf skýrslu hjá lögreglu 7. mars 2025. Kvað hann brotaþola vera vin sinn en að hann þekkti einnig ákærða. Hann kvaðst hafa séð átökin og að hann hefði verið sá fyrsti sem komið hefði brotaþola til hjálpar. Hann hefði setið í bifreið rétt hjá og séð tvo menn ganga að bifreið brotaþola. Hefði síðan komið til átaka milli þeirra og brotaþola. Hefðu þeir kýlt og sparkað í brotaþola og þá hefði ákærði verið með lykil sem hann hefði klórað brotaþola með. Einnig hefði hann rífið í hár hans. Brotaþoli hefði ekki gert neitt á móti.

Vitnið G gaf skýrslu hjá lögreglu 11. mars 2025. Hann kvaðst vera vinur brotaþola en ekki þekkja ákærða. Hann kvaðst hafa séð átökin en hafa staðið nokkuð frá þeim. Hann hefði ekki séð hvað ákærði hefði gert við brotaþola.

Vitnið H gaf skýrslu hjá lögreglu 11. mars 2025. Kvaðst hann vera vinur brotaþola en ekki þekkja ákærða vel. Kvaðst hann hafa séð ákærða og vitnið D ganga að brotaþola og byrja að tala við hann. Hann hefði ekki heyrt hvað þeim hefði farið á milli en hann hefði séð skömmu síðar að þeir voru í átökum. Hefði brotaþoli fallið í götuna þar sem ákærði og D hefðu slegið hann og sparkað í hann. Þá hefði ákærði verið með hníf eða lykil sem hann hefði notað til að rispa andlit brotaþola.

Áverkavottorð J, sérfræðilæknis á bráðamóttöku, dags. 16. maí 2024, liggur fyrir í málinu. Kemur þar fram að við skoðun hafi brotaþoli ekki virkað ölvaður. Hann hafi verið með marga áverka í andliti og á höfði. Ofarlega vinstra megin á enni hafi hann verið með skurð sem hafi verið 1 cm langur. Margar rákir og rispur hafi verið í andliti, sérstaklega yfir kjálka vinstra megin. Rétt hjá vinstra auga hafi hann verið með stungusár sem hafi myndað holu sem hafi verið 2x2 mm á stærð og um 2 mm djúp. Á hálsi hafi hann verið með rispu sem hefði verið 12 cm löng. Kemur fram í vottorðinu að áverkarnir hafi samrýmst sögu brotaþola. Þá kemur þar fram að áverkinn við vinstra auga hafi verið mjög nálægt auganu og hefði getað valdið blindu hefði hann lent á auganu sjálfu.

Skýrslutökum lögreglu í málinu lauk í mars 2025. Ákvað lögreglustjóri í kjölfarið að hætta rannsókn málsins og var málið fellt niður. Brotaþoli kærði þá ákvörðun til ríkis-

saksóknara. Felldi ríkissaksóknari ákvörðunina úr gildi og lagði fyrir lögreglustjóra að ljúka rannsókn málsins og höfða mál gegn ákærða. Í kjölfarið reyndi lögregla að hafa uppi á stúlkunum tveimur sem voru í bifreið brotaþola í umrætt sinn. Hafði komið fram að önnur þeirra hétu B. Komu fimm stúlkur til greina og hafði lögregla samband við þær allar. Kannaðist engin þeirra við málið og kváðust þær ekki kannast við brotaþola.

II

Skýrslur fyrir dómi

Ákærði kvaðst hafa verið á *bílahittingi* í umrætt sinn. Hefði hann staðið við bílana þegar stelpa sem hann kannaðist við, C frá [...], hefði komið að og beðið hann um að fá lánað *veip* hjá honum. Hefði hann orðið við því. Skömmu síðar hefði hann viljað fá *veipið* aftur. Hefði þá stelpa verið inni í bíl brotaþola ásamt annarri stelpu, B. Hefði hann bankað í bílinn og beðið um að fá *veipið*. Brotaþoli hefði þá komið að, reiður, og spurt af hverju hann hefði snert bílinn sinn. Kvaðst ákærði hafa sagt við ákærða að þetta væri óeðlileg hegðun, en hann hefði kannast við brotaþola. Þeir hefðu í kjölfarið ýtt hvor við öðrum en brotaþoli hefði skyndilega kýlt hann fyrir neðan eyrað svo hann hefði fallið við. Hann hefði ætlað að kýla aftur en ákærði kvaðst hafa náð að stoppa það. Kvaðst hann þá hafa kýlt brotaþola. Hefði hann verið að reyna að verja sig. Hefðu vinir brotaþola síðan hópast þarna að og allir hefðu farið að slást. Hefði lögreglan komið að nokkru síðar og tekið skýrslu af sér. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa verið með lykil í hendinni í umrætt sinn. Hann kvað vin sinn, vitnið D, hafa reynt að ganga á milli. Hann hefði ekki haldið brotaþola eins og brotaþoli hefði haldið fram. Borin var undir ákærða mynd úr fyrirliggjandi myndbandi í málinu þar sem sjá má að maður heldur á lykli, en ákærði hafði viðurkennt hjá lögreglu að um hann væri að ræða á umræddri mynd. Kvað ákærði ekki vera um sig að ræða á myndinni. Kvaðst ákærði hins vegar hafa fundið lykil skömmu síðar á bifreiðaplaninu. Spiluð var fyrir ákærða upptaka af vettvangi. Kvaðst hann ekki sjá sjálfan sig á myndbandinu.

Brotaþoli, A, kvaðst hafa verið á bílasýningu við [...] í umrætt sinn ásamt vinum sínum. Hefðu tvær stelpur verið í bíl hans og hefði önnur þeirra verið með *veip* frá ákærða. Ákærði hefði komið að bílnum ásamt vini sínum, vitninu D, og hefði viljað fá *veipið*. Kvaðst brotaþoli hafa opnað bifreiðina og hefði ákærði þá sakað hann um að hafa ýtt sér sem hann hefði neitað. Hefðu ákærði og vitnið D síðan ráðist á sig. Hefði ákærði notað lykil þegar hann hefði barið sig. Kvaðst brotaþoli hafa verið með hendur í vösum

þegar ákærði hefði kýlt sig. Kvaðst hann hafa tekið á móti í sjálfsvörn og kýlt ákærða einu sinni. Vinir sínir hefðu síðan komið sér til bjargar. Hann hefði sagt lögreglu frá því að ákærði hefði barið sig með lykli en hann hefði þá ekki verið með lykilinn lengur. Brotapoli kvaðst í kjölfar þessa hafa verið boðin peningagreiðsla gegn því að falla frá kæru gegn ákærða. Brotapola var sýnd myndbandsupptaka af vettvangi. Bar hann þar kennsl á sjálfan sig og ákærða sem hefði verið í svörtum og rauðum skóm. Þá kvað hann mynd úr myndbandinu sem sýndi mann halda á lykli vera af ákærða.

Lögreglumaður K, sem ritaði frumskýrslu í málinu, staðfesti skýrslu sína. Hann kvað lögreglu hafa verið kallaða til þar sem ökumenn hefðu verið að spóla á bifreiðum sínum á bifreiðastæðinu við [...] í umrætt sinn. Hefði margt fólk verið á vettvangi. Hefði maður þá komið til lögreglumannanna og sagst hafa verið laminn. Hefði verið tekinn framburður hans, ákærða og eins vitnis. Kvaðst hann telja að áverkar hefðu verið á mannum. Hann minnti hins vegar að ekki hefðu verið áverkar á ákærða.

Vitnið I kvaðst hafa verið á vettvangi í umrætt sinn. Hefði hann setið í næsta bíl við átökin. Hefði hann séð tvo menn ráðast að brotapolu. Hann hefði ekki séð högginn lenda á andliti hans en hann hefði séð áverkana og blóðið. Hefði annar mannanna haldið brotapolu en hinn kýlt hann. Kvaðst vitnið hafa reynt að grípa inn í átökin en þá hefði verið ráðist á hann. Hann kvaðst hafa þekkt brotapolu en ekki ákærða á þessum tíma. Hann þekkti hann hins vegar í dag. Vitnið kvaðst ekki hafa séð hvor hefði átt upptökin að átökunum. Hann hefði heyrt ákærða hóta brotapolu eftir átökin. Vitninu var sýnd myndbandsupptakan af vettvangi og kvaðst hann þar bera kennsl á ákærða sem þann í rauðu og svörtu skónum og svörtu fötunum.

Vitnið F kvaðst hafa verið með vinum sínum á umræddum *bilahittingi*. Kvaðst hann hafa séð tvo menn fara að bíl og ræða þar við mann. Kvaðst vitnið hafa verið í nokkurri fjarlægð frá þeim. Hefðu síðan orðið átök milli þeirra og hefði ákærði slegið brotapolu oftsinnis. Hann kvaðst hafa séð að ákærði hefði haldið á einhverju stuttu sem hefði glansað á, sem hann teldi hafa verið lykil. Hefðu síðan fleiri komið að og farið að slást einnig. Myndbandið af vettvangi var spilað fyrir vitnið. Hann kvaðst þar þekkja árársarmanninn sem þann í svörtu fötunum og svörtu og rauðu skónum. Hefði sá slegið brotapolu með lykli.

Vitnið G kvaðst hafa verið á umræddum *bilahittingi* ásamt bróður sínum, vitninu H. Hann kvaðst hafa heyrt öskur og séð slagsmál og tekið upp síma sinn og tekið myndband af því sem fram fór. Hann kvaðst m.a. hafa séð ákærða kýla brotapolu. Kvaðst

hann ekki hafa séð hvort ákærði hefði verið með lykil í hendinni. Hann kvaðst ekki hafa séð brotþola slá til ákærða. Hann hefði verið í nokkurri fjarlægð frá átökunum. Aðspurður kvaðst vitnið þekkja brotþola, en þeir væru ekki nánir.

Vitnið H kvaðst hafa verið á umræddum *bílahittingi*. Hefði hann setið inni í bíl. Hefði hann séð tvo menn ganga að brotþola. Hefði hann síðan heyrð í átökum. Hefði hann þá farið út úr bílnum og reynt að koma mönnunum frá brotþola. Síðan hefði hópur manna komið að og átök brotist út. Hefði hann sjálfur verið kýldur í andlitið. Kvaðst vitnið hafa séð að ákærði hefði verið með lykil í hendinni þegar hann hefði kýlt brotþola. Hefði hann kýlt hann í andlitið. Hefði hann ekki séð hvað ákærði hefði kýlt brotþola oft en hann hefði reynt að stíga þeim í sundur. Kvað hann brotþola hafa fallið í jörðina og að hann hefði reynt að verja sig. Aðspurður kvaðst vitnið vera vinur brotþola en tengsl þeirra hefðu þó ekki verið sterk þegar þetta gerðist. Myndbandið af vettvangi var borið undir vitnið sem kvað ákærða vera þann sem væri í svörtum fötum og rauðum skóm.

Vitnið D kvaðst hafa verið með ákærða á *bílahittingnum* í umrætt sinn. Hefði stelpa að nafni C komið til ákærða og beðið um að fá lánað *veip*. Hefði hann lánað henni það. Skömmu síðar hefði ákærði viljað fá *veipið* aftur en C hefði þá verið inni í bíl brotþola. Hefði ákærði gengið að bílnum og bankað á gluggann. Brotþoli hefði þá opnað hurðina og farið út úr bifreiðinni og spurt ákærða hvað hann vildi. Hefði hann látið hann fá *veipið* og síðan sagt ákærða hranalega að fara í burtu. Hefði ákærði spurt brotþola hvort það væri í lagi með hann og hefði brotþoli þá ýtt við ákærða og kýlt til hans. Hann hefði þá reynt að stíga á milli og stíga þeim í sundur. Aðspurður um hvort hann hefði haldið brotþola þegar ákærði hefði slegið hann kvað hann svo ekki vera. Myndbandið af vettvangi var borið undir vitnið sem kvaðst hvorki sjá sjálfan sig né ákærða þar. Aðspurður um tengsl hans við ákærða kvað hann þá vera frændur og ættu þeir í góðu sambandi.

Vitnið B kvaðst hafa verið á vettvangi umrætt kvöld ásamt vinkonu sinni. Hefði vinkona hennar verið með *veip* frá ákærða. Hún kvaðst hafa verið í bíl brotþola þegar átökin hefðu brotist út. Ákærði hefði komið að og viljað fá *veipið* aftur. Hefðu þá orðið einhver illindi milli hans og brotþola og þeir hefðu ýtt hvor öðrum. Hún teldi þó að hvorugur þeirra hefði átt fyrsta höggið. Kvaðst hún ekki hafa séð ákærða slá til brotþola og hefði ekki séð hann með lykil. Hana minnti að brotþoli hefði slegið til ákærða. Vitnið var spurt að því hvers vegna hún hefði ekki sagt frá þessu þegar lögregla hefði haft

samband við hana, en þá hefði hún sagt að hún kannaðist ekkert við málið. Kvaðst hún ekki hafa talið að þetta myndi fara svona langt.

J, sérfræðilæknir á bráðamóttöku, sem skrifaði áverkavottorð sem fyrir liggur í málinu, staðfesti umrætt vottorð. Kvað hann brotþola hafa verið skýran og ekki virst undir áhrifum áfengis eða fíkniefna. Hann hefði verið með marga áverka á höfði sem hefðu passað við lýsingu hans af atvikum. Brotþoli hefði talið að ákærði hefði verið með vopn í hendinni þegar hann hefði slegið sig, mögulega lykil. Hefði hann verið með 2 mm djúpt stungusár sem hefði samræmst því. Aðspurður um hættueiginleika árásarinnar kvað hann stunguna hafa verið nálægt auganu og hefði það getað leitt til blindu ef stungan hefði lent í auganu.

III

Niðurstaða

Ákærða er í máli þessu gefin að sök líkamsárás með því að hafa í umrætt sinn veist með ofbeldi að brotþola og kýlt hann ítrekað í andlit og höfuð með lykli, með þeim afleiðingum að hann hlaut stungusár hjá vinstra auga, mörg opin sár á höfði og marga ótilgreinda yfirborðsáverka. Hann neitar sök. Hann viðurkennir að hafa lent í átökum við brotþola og að hafa kýlt hann en kveður brotþola fyrst hafa slegið sig og að hann hafi einungis verið að reyna að verja sig. Hann kveðst ekki hafa verið með lykil þegar hann hafi slegið brotþola.

Í málinu liggur fyrir myndband sem tekið var strax í kjölfar þeirra átaka sem ákært er vegna. Má þar m.a. sjá mann í svörtum fötum og rauðum og svörtum skóm. Heldur sá maður á lykli eins og sjá má á mynd sem fyrir liggur í málinu og tekin er úr umræddu myndbandi. Viðurkenndi ákærði hjá lögreglu að þar væri um hann sjálfan að ræða. Á sama veg báru brotþoli og vitnin I, F og H fyrir dómi, sem allir þekktu þar ákærða á myndbandinu sem manninn í svörtu fötunum og rauðu og svörtu skónum. Með vísan til þessa verður að mati dómsins að miða við að komin sé fram lögfull sönnun fyrir því að þar sé um að ræða ákærða. Telst því sannað að ákærði hafi, strax í kjölfar átaka sinna við brotþola, verið með lykil í hendi.

Brotþoli hefur allt frá upphafi verið stöðugur í framburði sínum um að hann hafi ekki átt upptök að átökunum og að ákærði hafi verið með lykil eða annað oddhvasst áhald þegar hann hafi slegið sig. Fær framburður hans stoð í framburði vitnanna I, F, H hjá lögreglu og fyrir dómi og að nokkru í framburði vitnisins G. Þá fær framburður brota-

þola um að ákærði hafi beitt lykli við árásina stoð í áverkavottorði J, sérfræðings í bráðalækningum, og framburði hans fyrir dómi auk þess sem sjá má ákærða með lykil í hendi á myndbandi sem tekið var strax í kjölfar átakanna, svo sem áður var getið. Loks er þess að geta að ekkert bendir til að ákærði hafi verið með neina áverka í kjölfar átaka hans við brotaþola.

Framburður ákærða í málinu hefur á hinn bóginn ekki verið stöðugur. Hjá lögreglu og á vettvangi kvaðst hann hafa kýlt brotaþola hnefahögg í andlitið eftir að brotaþoli hefði ýtt sér. Hjá lögreglu kvað hann brotaþola hafa kýlt sig í kjölfarið en á vettvangi hafði hann ekki minnst á það. Neitaði hann því hjá lögreglu að hafa haft lykil í átökunum en eftir að ljósmynd af vettvangi hafði verið borin undir hann, sem sýndi mann halda á lykli, viðurkenndi hann að um sig væri að ræða en kvaðst ekki hafa beitt lyklinum í átökum sínum við brotaþola. Fyrir dómi kannaðist ákærði síðan ekki við að hafa haft lykil í umrætt sinn og kannaðist ekki heldur við að um hann væri að ræða á fyrrgreindri ljósmynd. Þá kannaðist hann ekki við að hann sæist á myndbandi sem fyrir liggur í málinu. Hann kvaðst hins vegar hafa fundið lykil skömmu eftir átökin á bifreiðaplaninu. Þá kvað hann brotaþola hafa kýlt sig áður en hann hefði kýlt hann, en hann hafði hvorki borið á þann veg hjá lögreglu né á vettvangi. Hefur ákærði ekki útskýrt breyttan framburð sinn um atvik máls. Er framburður ákærða að mati dómsins ótrúverðugur og verður ekki á honum byggt.

Með vísan til framangreinds er það mat dómsins að leggja verði til grundvallar trúverðugan, skýran og greinargóðan framburð brotaþola, sem studdur er bæði framburðum vitna og gögnum í málinu, svo sem áður hefur verið rakið. Telur dómurinn að þegar litið sé heildstætt til allra framburða og gagna í málinu sé hafið yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi gerst sekur um það brot sem honum er gefið að sök í ákæru með þeim afleiðingum sem þar er lýst. Þá er ekki fallist á sjónarmið ákærða um að beita eigi 12. gr. almennra hegningarlaga í málinu enda hefur hann ekki sýnt fram á að hann hafi verið að verjast eða afstýra ólögum árás ákærða eða að hann hafi orðið svo skelfdur eða forviðað að hann hafi ekki getað fullkomlega gætt sín í umrætt sinn. Er ákærði því sakfelldur fyrir brot það sem honum er gefið að sök í ákæru og er það rétt heimfært til refsíákvæðis í ákæru.

Ákvörðun refsingar

Ákærði er fæddur í [...] 2005. Hefur hann samkvæmt framlögðu sakavottorði ekki áður gerst sekur um refsivert brot. Er við ákvörðun refsingar litið til þess að um var að ræða háskalega aðför ákærða að brotaþola sem beindist gegn heilsu hans og velferð. Á móti kemur að ákærði var ungur að árum er hann framdi brotið, auk þess sem rannsókn málsins hjá lögreglu dróst nokkuð. Horfir hvort tveggja ákærða til málsbóta. Er það niðurstaða dómsins að hæfileg refsing í málinu sé fangelsi í 30 daga sem er skilorðsbundið eins og nánar greinir í dómsorði.

Einkaréttarkrafa

Brotaþoli hefur uppi kröfu um að ákærða verði gert að greiða honum 2.500.000 krónur í miskabætur, auk vaxta og dráttarvaxta. Með hinni refsiverðu háttsemi hefur ákærði með ólögmatum og saknæmum hætti valdið brotaþola skaðabótaskyldu tjóni og bakað sér skaðabótaábyrgð. Styðja gögn málsins að brotaþoli hafi orðið fyrir miska vegna árásarinnar. Við mat á miskabótum er horft til alvarleika árásarinnar og þykja þær hæfilega ákveðnar 300.000 krónur. Skulu dæmdar bætur bera vexti og dráttarvexti eins og í dómsorði greinir. Bótakrafan var birt fyrir ákærða þegar hann gaf skýrslu hjá lögreglu 5. september 2024 og tekur upphafstími dráttarvaxta mið af því. Þá greiði ákærði brotaþola 300.000 krónur í málskostnað og hefur þá verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Við upphaf aðalmeðferðar málsins lagði lögmaður brotaþola fram viðbótarkröfu við bótakröfu sem höfð er uppi í máli þessu. Ekki eru lagaskilyrði til að taka viðbótarkröfuna til meðferðar í máli þessu enda var hún ekki tekin upp í ákæru.

Sakarkostnaður

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Leós Daðasonar lögmanns, sem teljast hæfilega ákveðin 1.000.000 króna, að meðtöldum virðisaukaskatti, og annan sakarkostnað málsins sem er, samkvæmt yfirliti ákæruvalds og framlögðum reikningi, 49.617 krónur.

Björn Þorvaldsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

Dómsorð:

Ákærði, Adli Albayyouk, sæti fangelsi í 30 daga en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dómsins að telja haldi ákærði almennt skilorð 3. mgr. 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði A 300.000 krónur ásamt vöxtum samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 1. desember 2023 til 5. október 2024, en dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags og 300.000 krónur í málskostnað.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Leós Daðasonar lögmanns, 1.000.000 króna, og 49.617 krónur í annan sakarkostnað.

Björn Þorvaldsson